

## Niðurstöður samræmdra könnunarprófa - skólaárið 2018 - 2019

### FRÁ MENNTAMÁLASTOFNUN

Grunnskólanemendur þreyta samræmd könnunarpróf þrisvar sinnum á meðan á skólagöngu stendur. Þessi próf eru frábrugðin öðru námsmati í grunnskóla að því leyti að allir nemendur á landinu þreyta sama prófið. Þau hafa einnig þá sérstöðu að spanna viðfangsefni tveggja til þriggja ára. Niðurstöðurnar gefa því annað sjónarhorn á stöðu nemenda en námsmat sem fram fer innan grunnskólans. Markmið þeirra er jafnframt frábrugðið hefðbundnu námsmati þar sem þeim er bæði ætlað að veita upplýsingar um nemendur og skólakerfið almennt. Samræmd könnunarpróf eru því mikilvæg viðbót við annað námsmat í grunnskóla.

Samræmd könnunarpróf í 9. bekk meta stöðu nemenda í íslensku, stærðfræði og ensku samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla fyrir unglingastig. Prófin afmarkast einkum við markmið sem almennt er unnið með í 8. og 9. bekk. Skil milli námsmarkmiða 8. og 9. bekkjar eru þó óljós í aðalnámskrá þannig að í öllum prófum eru atriði sem staðsetja mætti beggja vegna. Samræmdum könnunarprófum er ætlað að reyna á nemendur á öllum getustigum og því er nauðsynlegt að hafa slík atriði með í prófunum.

Samræmd könnunarpróf í 7. bekk meta stöðu nemenda í íslensku og stærðfræði samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár grunnskóla fyrir miðstig. Prófin afmarkast einkum við markmið sem almennt er unnið með í 5. og 6. bekk. Skil milli námsmarkmiða 6. og 7. bekkjar eru þó óljós í aðalnámskrá þannig að í öllum prófum eru atriði sem staðsetja mætti beggja vegna. Samræmdum könnunarprófum er ætlað að reyna á nemendur á öllum getustigum og því er nauðsynlegt að hafa slík atriði með í prófunum.

Í 4. bekk miðast efni samræmdra könnunarprófa við aðalnámskrá grunnskóla, einkum námsmarkmið sem ætluð eru 2. og 3. bekk. Aðalnámskráin dregur fram meginlínur í námi en skólar hafa sveigjanleika í útfærslu á henni og einnig er námshraði einstakra nemenda breytilegur. Samræmd könnunarpróf taka mið af þessu og er efni þeirra því mjög fjölbreytt.

Einkunnir á samræmdum könnunarprófum eru tvenns konar:


- **Samræmd einkunn** er hefðbundin einkunn á bilinu 1 til 10.
- **Raðeinkunn** er einkunn á bilinu 1 til 99 og sýnir stöðu nemandans miðað við árganginn í heild. Nemandi sem fær raðeinkunnina 60 stendur sig jafnvel eða betur en 60% nemenda á landinu öllu.

Að auki kemur fram umsögn um framfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar og á milli 7. og 9. bekkjar og hvort munur er á getu nemandans í orða- eða talnadæmum.

Allir nemendur sem þreyta prófin fá heildareinkunn í hverri námsgrein ásamt raðeinkunn fyrir hvern námsþátt í viðkomandi prófs. Með þessu móti fæst þversnið af kunnáttu nemenda í viðkomandi námsgreinum sem ætti að nýtast kennurum til að skoða styrk og veikleika nemenda í hverjum námsþætti fyrir sig.


## Íslenska og stærðfræði - 4. bekkur

Raðeinkunn sýnir stöðu nemenda miðað við allan árganginn á landsvísu og eru á kvarðanum 0-99.





	Raðeinkunn 1-24	Raðeinkunn 25-75	Raðeinkunn 76-99
<b>Landið - heild</b>	<b>25%</b>	<b>50%</b>	<b>25%</b>
Breiðholtsskóli - íslenska	32,5%	55%	12,5%
Breiðholtsskóli - lestur	32,5%	55%	12,5%
Breiðholtsskóli - stærðfræði	30%	50%	20%
Breiðholtsskóli – reikningur og aðgerðir	35%	50%	15%

Þessar myndir sýna dreifingu nemenda 4. bekk í íslensku miðað við raðeinkunn.




Þessar myndir sýna dreifingu nemenda 4. bekk í stærðfræði miðað við raðeinkunn.



Í 4. bekk Breiðholtsskóla raðast helmingur nemenda um miðbik raðeinkunnar. Áskorun er að fleiri nái í hæsta flokk raðeinkanna og færri verði í þeim lægsta.



## Íslenska og stærðfræði - 7. bekkur

Raðeinkunn sýnir stöðu nemenda miðað við allan árganginn á landsvísu og eru á kvarðanum 0-99.





	Raðeinkunn 1-24	Raðeinkunn 25-75	Raðeinkunn 76-99
<b>Landið - heild</b>	<b>25%</b>	<b>50%</b>	<b>25%</b>
Breiðholtsskóli - íslenska	48,9%	37,8%	13,3%
Breiðholtsskóli - lestur	46,7%	42,2%	11,1%
Breiðholtsskóli - stærðfræði	35,6%	55,6%	8,9%
Breiðholtsskóli – reikningur og aðgerðir	20%	71,1%	8,9%

Þessar myndir sýna dreifingu nemenda 7. bekk í íslensku miðað við raðeinkunn.



Þessar myndir sýna dreifingu nemenda 7. bekk í stærðfræði miðað við raðeinkunn.




Í 7. bekk Breiðholtsskóla er óvenjumargir nemendur í lægsta flokki raðeinkanna í íslensku og stærðfræði. Þó hafa margir góðan grunn í reikningi og aðgerðum. Má ætla að lesskilningur hafi áhrif á niðurstöðu í stærðfræði og er það áskorun til umbóta.

## Framfaraeinkunnir í 7. bekk

Framfaraeinkunn nemenda sýnir hvort nemandinn sé að sýna eðlilegar framfarir miðað við jafnaldra á landsvísu. Einkunnin er gefin frá 1 – 5 og er túlkuð eins og hér segir.

Hér má sjá hlutfall nemenda í Breiðholtsskóla sem ná hverri einkunn.


Einkunn	Túlkun einkunna	Hlutfall nemenda í íslensku	Hlutfall nemenda í stærðfræði
1-2	Framfarir eru minni en almennt gerist á landsvísu	9%	13%
3	Framfarir eru svipaðar og almennt gerist á landsvísu.	88%	68%
4	Framfarir eru meiri en almennt gerist á landsvísu	0%	8%
5	Framfarir eru talsvert meiri en almennt gerist á landsvísu.	3%	11%



Framfaraeinkunnir nemenda í 7. bekk Breiðholtsskóla eru yfirleitt svipaðar og gerist á landsvísu. Athygli vekur að um 9% nemenda í íslensku og 13% í stærðfræði ná minni árangri en almennt gerist. Skoða þarf stöðu þessara nemenda sérstaklega þar sem sjá má að umtalsverður hópur nemenda í árganginum nær meiri árangri en almennt gerist eða um 19%. Þónokkurt misvægi er þarna á milli. Benda má á að þetta eru niðurstöður um framfarir og því gæti verið svo að nemendur með litlar framfarir eða minni en almennt gerist gætu samt verið með ágætis einkunn en hafa verið með betri einkunnir í 4. bekk.



## Íslenska og stærðfræði - 9. bekkur

Raðeinkunn sýnir stöðu nemenda miðað við allan árganginn á landsvísu og eru á kvarðanum 0-99.





	Raðeinkunn 1-24	Raðeinkunn 25-75	Raðeinkunn 76-99
<b>Landið - heild</b>	<b>25%</b>	<b>50%</b>	<b>25%</b>
Breiðholtsskóli - íslenska	34,8%	60,9%	4,3%
Breiðholtsskóli - lestur	43,5%	47,8%	8,7%
Breiðholtsskóli - stærðfræði	45,8%	45,8%	8,3%
Breiðholtsskóli – reikningur og aðgerðir	62,5%	25%	12,5%
Breiðholtsskóli – enska	46,1%	38,5%	15,4%
Breiðholtsskóli - enska lestur	50%	30,8%	19,2%



Þessar myndir sýna dreifingu nemenda 9. bekk í íslensku miðað við raðeinkunn.



Þessar myndir sýna dreifingu nemenda 9. bekk í stærðfræði miðað við raðeinkunn.



Þessar myndir sýna dreifingu nemenda 9. bekk í ensku miðað við raðeinkunn.




## Framfaræinkunnir í 9. bekk

Framfaræinkunn nemenda sýnir hvort nemandinn sé að sýna eðlilegar framfarir miðað við jafnaldra á landsvísu. Einkunnin er gefin frá 1 – 5 og er túlkuð eins og hér segir.

Hér má sjá hlutfall nemenda í Breiðhóltskóla sem ná hverri einkunn.

Einkunn	Túlkun einkunna	Hlutfall nemenda í íslensku	Hlutfall nemenda í stærðfræði
1-2	Framfarir eru minni en almennt gerist á landsvísu	25%	27%
3	Framfarir eru svipaðar og almennt gerist á landsvísu.	70%	68%
4	Framfarir eru meiri en almennt gerist á landsvísu	5%	5%
5	Framfarir eru talsvert meiri en almennt gerist á landsvísu.	0%	0%



Framfarir nemenda í 9. bekk eru að stærstum hluta eins og almennt gerist í íslensku og stærðfræði eða um 70%. Of margir nemendur eru þó ekki að ná framförum eins og almennt gerist á landsvísu eða á milli 25% í íslensku og 27% í stærðfræði. Þá eru engir nemendur með talsvert meiri framfarir og aðeins 5% nemenda með meiri framfarir en almennt gerist. Benda má á að þetta eru niðurstöður um framfarir og því gæti verið svo að nemendur með litlar framfarir eða minni en almennt gerist gætu samt verið með ágætis einkunn en hafa verið með betri einkunnir í 7. bekk.

Í þessum niðurstöðum felst mikil áskorun fyrir nemendur og skólann. Rýna þarf vel í hvað veldur og ræða við hvern nemenda fyrir sig og gera áætlun um framfarir fyrir hvern og einn.